



Fundargerð stjórnar SSA nr. **1** starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA laugardaginn. 15. september 2012 kl. 15:00.
Fundarstaður: Fjarðaborg

Mættir voru til fundar allir nýkjörnir aðalmenn í stjórn SSA: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Austurbrúar sem ritaði fundargerð. Aldursforseti, Arnbjörg Sveinsdóttir bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa og stýrði fundi, meðan dagskrárliður 1 a) var afgreiddur.

- 1. Kjör formanns, tveggja varaformanna og þar með framkvæmdaráðs SSA.**
 - a) Formaður var samhljóða kjörinn Valdimar O. Hermannsson, sem tók síðan við fundarstjórn.
 - b) Fyrsti varaformaður var samhljóða kjörinn Stefán Bogi Sveinsson.
 - c) Annar varaformaður var samhljóða kjörin Arnbjörg Sveinsdóttir.Skipa því framangreind framkvæmdaráð sbr. 8. gr. samþykktar SSA.
- 2. Samþykktir nýafstaðins aðalfundar SSA 2011.**

Samþykkt var að formaður og verkefnastjóri gangi frá samþykktum aðalfundarins og komi þeim á framfæri við hlutaðeigandi og fylgi þeim eftir svo sem venja er til.
- 3. Fundartími tilhögun stjórnarfunda og framkvæmdaráðsfunda.**

Samþykkt að þriðjudagar verði viðmiðunardagur fyrir stjórnarfundi og þeir hefjist að jafnaði um hádegi. Reynt verði að stýra fundum þannig að fundað verði í þeim mánuðum, sem framkvæmdaráðið fundar ekki.
Framkvæmdaráðsfundir verða haldnir eftir þörfum.
Stefnt er á næsta stjórnarfund þriðjudaginn 2. október kl. 12:00 á Egilsstöðum.
- 4. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.**

Ráðstefnan verður 27. og 28. september í Reykjavík. Formaður og verkefnastjóri munu sitja ráðstefnuna.
- 5. Önnur mál:**
 - a) Stjórn SSA mun sækja um IPA- styrk. Umsóknin verði unnin í samvinnu við starfsmenn Austurbrúar, auk þess verði leitað til einkaaðila varðandi verkið. Stjórnin samþykkti að kalla saman samráðshóp fljótlega til að velja m.a. samstarfsaðila.
 - b) Fundur formanna og framkvæmdarstjóra landshlutasamtaka sveitarfélagana verður haldinn miðvikudaginn 26. september kl. 19:00 á Grand hótél. Formaður og verkefnastjóri munu mæta á fundinn.
 - c) Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012, verður haldinn 26. september kl. 16:00 á Hilton Hótél Nordica. Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri mun mæta á fundinn.



- d) Samþykkt var að stjórn SSA fari yfir fyrirkomulag aðalfundar SSA og skoði hvort þörf sé á breytingum á því fyrirkomulagi sem viðhaft hefur verið til margra ára á formi aðalfunda SSA.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 16:00.
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.